



Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E19/2021

Til Norðurlandaráðs

SKRIFLEG FYRIRSPURN NORÐURLANDARÁÐS E19/2021

Norðurlandaráð beindi þann 8. september 2021 eftirfarandi skriflegu spurningum til norrænu ríkisstjórnanna:

Hvernig styðja norrænu löndin við bakið á fjölleikahúsum og þeim hluta menningarlífsins sem fólk almennt álitur markaðsgleði og trúðleik vera?

Eru ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum sammála um að fjölleikahús skorti menningarpólítiska viðurkenningu eins og önnur listform og menning njóta eða eru þær reiðubúnar að hugleiða hvernig megi veita þá viðurkenningu og geta bent á góð dæmi þar um?

Hvernig hafa norrænu löndin staðið að löggjöf um fjölleikahús og tryggt að þau eigi efnahagslega möguleika á að reka sig?

Fallast ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum á að fjölleikahús og lystigarðar í heild gegni stóru hlutverki þegar horft er til mikilvægs menningarlífs á Norðurlöndum?

Telja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að fjölleikahús tóri að óbreyttu og með hliðsjón af tekjumöguleikum sínum?

Eru björgunaráætlanir fyrir hendi í norrænu löndunum eða hefur verið ráðist í aðgerðir sem geta hjálpað fjölleikahúsum?

SVAR:

Hér með er svarað fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda:

Finland

Í Finnlandi eru fjölleikasýningar ein af nýjustu listgreinunum sem ríkið styður sem listform. Fyrir tilstilli Miðstöðvar um listsköpun eru fjármagnaðir svonefndir frjálsir hópar (rekstrarstuðningur og stök verkefni). Auk þess getur fagfólk á þessu sviði hlotið listamannastyrki ríkisins að undangenginni umsókn. Fjölleikahús njóta einnig styrkja frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu með ríkisframlögum og af fjárveitingum samtaka á landsvísi. Meðal styrkþega má telja CircusInfo í Finnlandi. Nýlega endurskoðuð lög um ríkisframlög fella fjölleikahús og einnig vanda þeirra undir svið listgreina að því er varðar fjármögnun. Í kjölfarið er litið á fjöllistahópana í kerfi ríkisframlaga sem umsækjendur sem geta fengið hærrí ríkisframlög. Endurskoðuðu lögin taka gildi árið 2022. Ákvörðun var tekin hinn 30. október 2021 og ákveðið var að tveir fjöllistahópar ættu rétt á ríkisframlagi. Í gömlu lögunum um ríkisframlög hefði jafnvel verið hægt að taka með fjöllistahópa ef hæfir umsækjendur hefðu verið til staðar. En í Finnlandi eru ekki veittir styrkir til hefðbundinna farandsirkusa, heldur teljast þeir til fyrirtækjarekstrar.

Danmörk

Um margra alda skeið hafa fjölleikahús verið menningarstarfsemi sem hefur mátt finna um alla Danmörku. Starfsemi fjöllistahópa hefur ávallt verið rekin á markaðskjörum. Á síðari árum hafa mörg stóru, víðþekktu fjölleikahúsanna hætt starfsemi sinni. Til að skilja þessa þróun þarf yfirsýn yfir þá rammaskilmála sem hafa áhrif á starfsemi og þær efnahagslegu forsendur sem fjölleikahús búa við. Skortur er á slíkri yfirsýn.

Í Danmörku eru engin heildstæð lög um starfsemi fjölleikahúsa. Ólík ráðuneyti bera ábyrgð á ólíkum hlutum regluverksins, til dæmis reglum um afþreyingarstarfsemi (tilskipunin um skemmtanahald), sem er á vegum dómsmálaráðuneytisins, og byggingalöggjöf, sem er á vegum innanríkis- og húsnæðismálaráðuneytisins. Menningarmálaráðuneytið fer ekki með neitt regluverk sem sérstaklega varðar fjölleikahús. Samráð hefur farið fram milli þeirra ráðuneyta sem fara með reglur sem hafa áhrif á fjölleikahús, meðal annars til að ræða rammaskilmála. Innanríkis- og húsnæðismálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa reglur sem eiga við í þessu samhengi, meðal annars byggingalöggjöf, sem til dæmis nær til vottunaráætlunar um færanlegar byggingar frá árinu 2015. Vottunaráætlunin var innleidd til að einfalda reglurnar og felur t.d. í sér að fjölleikahús geti vottað tjald þannig að það geti verið uppsett í allt að sex vikur án þess að þurfa að sækja um byggingaleyfi.

Í dag eru engar menningarpólítískar aðgerðir eða styrkjakerfi sem varða sérstaklega starfsemi fjölleikahúsa í Danmörku. Ef samþykka á aðgerðir verður að kanna hvernig megi samþætta fjölleikahús í almenna menningarstefnu. Á meðan á kórónuveirufaraldrinum hefur staðið hafa þó verið tvö bótakerfi sem hafa beinst að fjölleikahúsum: bótakerfið fyrir viðburði á vegum atvinnumálaráðuneytisins og bótakerfið fyrir árstíðabundnar sviðslistir á vegum menningarmálaráðuneytisins.

Ísland

Á Íslandi eru tveir sirkushópar: Sirkus Íslands, stofnaður 2007 og Hringleikur síðan 2018. Báðir hóparnir eru flokkaðir sem sviðslistahópar og eru aðilar að Bandalagi atvinnuleikhópa (BAAL). Ný lög um sviðslistir tóku gildi 1. júlí 2020 og báðir hóparnir falla undir þau.

Noregur

Í Noregi eru tveir hefðbundnir farandsirkusar: Arnardo og Agora.

- Hefðbundnu sirkusarnir í Noregi eru hluti af menningarlegum fjölbreytileika sem er bæði jákvæður og eftirsóknarverður. Þrátt fyrir það telst starfsemi sirkusa tilheyra fyrirtækjum í afþreyingariðnaði og þeir eiga því ekki rétt á styrkjum af norskum ríkisfjárlögum. Þó er rétt að hafa í huga að sirkusarnir falla inn undir aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna kórónuveirufaraldursins og hafa því getað fengið ríkisstyrki á meðan á faraldrinum hefur staðið. Það er einnig til marks um að ríkisstjórnin viðurkenni þessa tegund menningarstarfsemi.

Svonefndir nýsirkusar, eins og Cirkus Xanti, tilheyra svolítið öðruvísi flokki. Þeir geta fengið verkefnastyrki frá norska menningarráðinu, en það gerist við og við.

Svíþjóð

Listaháskólinn í Stokkhólmi býður upp á grunn- og meistaranám á sviði fjöllista.

Sænska ríkisleikhúsið ber sem ríkisaðili ábyrgð á að stuðla að þróun og miðlun nútímasirkuss í Svíþjóð allri.

Menningarstyrkir ríkisins sem eru veittir í samstarfi við héraðsstjórnir og menningarstofnanir í héraði eru meðal annars veittir til Cirkus Cirkör. Margar héraðsstjórnir hafa varið þróunarfrjármagni frá ríkinu í að þróa sirkus sem listform og tengda innviði heima í héraði.

Frjálsir sviðslistamenn, á sviði leikhúsa, dans og fjölleikahúsa, geta sótt um verkefna- og rekstrarstyrki frá Sænska menningarráðinu (Statens kulturråd), sem einnig veitir styrki í daglegar æfingar fyrir fjöllistamenn.

Fjöllistamenn geta sótt um vinnustyrki og verkefnastyrki frá Sænska listamannaráðinu (Konstnärnsämnden).

Starfsgreinasamtökin Manegen fá styrki sem svokallað lykilnám.


Sænska menningarráðið (Statens kulturråd) – Árin 2020 og 2021 hafa fjölleikahús og listamenn getað sótt um neyðaraðstoð og neyðarstyrki frá Sænska menningarráðinu og Sænska listamannaráðinu.

Sjálfstjórnarsvæðin

Grænland hefur enga sirkusa eða skemmtigarða. Í Færeyjum hefur heldur ekki verið hefð fyrir sirkusum. En um margra ára skeið hafa farandsirkusar heimsótt landið. Það er því engin sértæk löggjöf á þessu sviði, og vegna skorts á sirkushefðum hefur heldur ekki farið fram umræða um stöðu sirkuss sem listar eða listforms.

Fjölleikahús eru ekki nefnd sérstaklega í núverandi menningarpólítískri áætlun Álandseyja og Álandseyjar hafa heldur ekki neina menningarstyrki sem eru veittir félögum sem stunda sirkusstarfsemi. Hins vegar hafa fjölleikahús, sem hluti annarrar sviðslistastarfsemi, leiklistar, hlotið hluta styrkja. Einnig má benda á að það eru nokkrir eldlistamenn á Álandseyjum sem taka þátt í t.d. menningarnótt og svipuðum viðburðum. Það eru engin heildarsamtök sirkusfólks á Álandseyjum. Á Álandseyjum hefur um margra ára skeið verið boðið upp á skemmtigarða þegar Samtök þroskaskertra, DUV, hafa leigt hringekjur sem hefur verið stjórnað á vegum samtakanna með aðstoð sjálfboðaliða. Þar að auki hefur Cirkus Maximum margsinnis heimsótt Maríuhöfn og Álandseyjar.

Með góðri kveðju,



Antti Kurvinen

Vísinda- og menningarmálaráðherra